


ÁRSSKÝRSLA **ISAVIA** 2013
////////////////////



Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík




EFNISYFIRLIT

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS	5
STARFSSVIÐ	9
ÁRIÐ 2013 Í HNOTSKURN	10
LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI	12
SVIPMYNDIR FRÁ ÁRINU 2013	14
REKSTUR OG AFKOMA	16
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	18
SKÝRSLA STJÓRNAR	19
YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2013	20
EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2013	21
YFIRLIT UM EIGIÐ FÉ 2013	22
YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2013	23
SKÝRINGAR	24







Egilsstaðaflugvöllur

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Stjórn Isavia, sem kosin var á síðasta aðalfundi félagsins, 2. maí 2013, skipa þau Arnbjörg Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi og varaþingmaður, Ólöf Kristín Sveinsdóttir, verslunarstjóri, Jón Norðfjörð, framkvæmdastjóri, Ragnar Óskarsson, framhaldsskólakennari og Þórólfur Árnason, verkfræðingur.

Í varastjórn voru kjörin Hjörtur M. Guðbjartsson, Jóhanna Harpa Árnadóttir, Ólafur Sveinsson, Sig-rún Pálsdóttir og Sigurbjörn Trausti Vilhjálmsson.

Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Þórólfur Árnason var endurkjörinn formaður og Ragnar Óskarsson sömuleiðis varaformaður.

Stjórnin hélt 13 fundi á árinu 2013 en fundir eru haldnir reglulega fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Allir varamenn voru boðaðir á desemberfundinn þegar fjallað var um rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2014 og einnig þegar ársreikningur fyrir 2013 var til umfjöllunar 26. mars síðastliðinn.

Stjórnin hélt flesta fundi sína á skrifstofum félagsins á Reykjavíkflugvelli og Keflavíkflugvelli en auk þess einn fund hjá flugfjarskiptum í Sóleyjarrima í Reykjavík og annan á Akureyri í samræmi við þá stefnu að heimsækja og halda einn til tvo stjórnarfundir á starfsárinu á helstu starfstöðvum félagsins. Á Akureyri hitti stjórnin starfsmenn flugvallarins og umdæmisstjóra flugvalla á Norður- og Austurlandi og kynnti sér málefni sem snúa að rekstri, framkvæmdum og fjárfestingum á flugvelli. Í flugfjarskiptum kynnti stjórnin sér starfsemina undir leiðsögn Hallgríms Sigurðssonar deildarstjóra.

Á árinu var enn slegið met í farþega fjöldi á Keflavíkflugvelli sem var um 2.750 þúsund eða 15,6% aukning milli ára og um 5,8% umfram það sem áætlað var. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir 18% farþegaaukningu til viðbótar.

Þessi gífurlegi vöxtur í flutningum um Keflavíkflugvöll og Flugstöð Leifs Eiríkssonar veldur því að vandasamt er að anna umferð á þeim tímum dagsins þegar ásókn er mest í afgreiðslutíma. Lausnin er vandasamt viðfangsefni sem felur í sér að áfangaskipta fjárfestingu í húsnæði, flughlöðum og tækniþerfum og samtímis að finna leiðir til betri nýtingar á núverandi aðstöðu sem stendur vannýtt stóran hluta sólarhringsins. Þá þarf jafnframt að hafa í huga að allar framkvæmdir kosta mikla fjármuni og leiða til aukins rekstrarkostnaðar. Kostnaðinn greiða notendur flugvallarins í formi hærri flugvallargjalda en verslunartekjur í flugstöðinni eru einnig mikilvægur þáttur í uppbyggingunni.

Mikilvægt er að huga að vexti og viðgangi verslunarsvæðisins og ákvað stjórnin að efna til forvals á verslunar- og veitingarekstri í brottfararsal með það að leiðarljósi að opna markaðinn, efla samkeppni og auka þjónustu við flugfarþega. Jafnframt var ákveðið að ráðast í gagngerar breytingar og endurskipulagningu þjónustunnar sem ljúka á við vorið 2015. Farþegaflóran á Keflavíkflugvelli hefur tekið nokkrum breytingum með mikilli aukningu erlendra farþega og miklu máli skiptir að vel takist til um val þjónustuaðila. Leitað var aðstoðar virtra erlendra ráðgjafa og hönnuða á sviði reksturs og skipulagningar smásölu á flugvöllum sem lögðu fram glæsilegar tillögur sem kynntar hafa verið. Fyrsta kynning á þessu forvali fór fram á opnum fundi 19. mars sl.

Fjárfestingaáætlun vegna Keflavíkflugvallar, sem tekur til stækkunar flugstöðvarinnar, afkastaaukningu farangurskerfa og fjölgunar flugvélastæða, mun auka afköst á annatíma úr 14 flugvélastæðum í 19–20, eða um 40% til ársins 2016. Áætlað er að kostnaður við þessar framkvæmdir nemi alls 6–7 milljörðum króna sem dreifist á árin 2013 til 2016.



Ný árstíðabundin gjaldskrá Keflavíkurflugvallar tekur gildi 1. nóvember næstkomandi. Markmið hennar er að samræma betur gjöld og veitta þjónustu ásamt því að freista þess að auka nýtingu flugstöðvarinnar utan hefðbundins ferðamannatíma. Ódýrara verður að nota flugvöllinn á veturna en á sumrin og styður það m.a. við átakið „Ísland allt árið“ til fjölgunar erlendra ferðamanna utan háannatíma. Breytingin felur í sér að flugvallargjöld miðast einungis við veitta þjónustu og brottfarargjald verður innheimt af öllum farþegum sem leið eiga um flugvöllinn, bæði á leið úr landi og einnig af skiptifarþegum.

Staða innanlandsflugvallakerfisins sem Isavia rekur í verktöku fyrir íslenska ríkið samkvæmt þjónustusamningi við innanríkisráðuneytið er okkur öllum umhugsunarefni. Fjármunir eru af skornum skammti til fjárfestinga og nauðsynlegs viðhalds eða rétt svo að nægi fyrir daglegum rekstri, en viðhald og fjárfesting situr á hakanum. Við það bætist að framtíð Reykjavíkurflugvallar og þar með innanlandsflugsins í núverandi mynd er í mikilli óvissu vegna skipulagsmála og sést ekki lengra fram á við en í 6 ár. Ný félagshagfræðileg úttekt á innanlandsflugvöllum leiðir í ljós að einungis örfáir flugvellir á landinu ná því að teljast þjóðhagslega hagkvæmir í rekstri, og eingöngu þeir stærstu. Það er von mín að úttektin megi nýtast stjórnvöldum til stefnumörkunar um framtíð innanlandsflugvallakerfisins sem full þörf er á við nýja forgangsröðun fjármuna hins opinbera á tímum erfiðleika í ríkisfjármálum.

Styr hefur löngum staðið um framtíð Reykjavíkurflugvallar og reglulega koma fram áskanir um skort á þjónustu í flugsamgöngum við landsbyggðina. Hafa hagsmunaaðilar ítrekað reynt að draga Isavia inn í umræðu sem félagið á enga aðild að og er á forræði stjórnvalda. Er það að sjálfsgöðu grundvallaratriði að félagið njóti bæði

sannmælis og stuðnings stjórnvalda til þeirra verka sem því hafa verið falin, þ.e. að annast rekstur flugvalla og flugleiðsögu á ábyrgan og hagkvæman hátt til samræmis við ákvarðanir og fjárveitingar ríkisins til þjónustunnar. Stjórn félagsins og starfsmenn eru auðvitað ávallt reiðubúnir til þess að veita sérfræðiráðgjöf um tæknilega, hagræna og örugga tilhögun flugsamgönguþjónustu í landinu.

Starfsemi alþjóðaflugþjónustunnar hefur einnig aukist að undanfögnu og varð 7,7% aukning á flugumferð um íslenska flugstjórnarsvæðið á árinu 2013. Stærsti hluti umferðarinnar er yfirflug sem Isavia sinnir samkvæmt samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina. Hluti samningsins nær til flugleiðsöguþjónustu yfir Grænlandi og Færeyjum en heimamenn hafa tekið framtíð þjónustunnar til athugunar. Brýnt er að vera á varðbergi gagnvart framtíð þessarar þjónustu sem viðurkennd er af notendum fyrir gæði og hagkvæmni en minnkun svæðisins hefði í för með sér óhagræði og aukinn kostnað fyrir notendur.

Í undirbúningi er stækkun flugstjórnarmiðstöðvarinnar við Reykjavíkurflugvöll og flutningur flugfjarskiptadeildar frá Sóleyjarrima í sama húsnæði og er áætlað að hefja framkvæmdir á komandi hausti. Kostnaður við framkvæmdina verður um einn milljarður króna sem dreifist á næstu tvö ár og er greiddur af notendum samkvæmt kostnaðargrunni. Aukið og bætt húsrými mun án nokkurs efa efla flugstjórnarmiðstöðina og þjónustu við vaxandi flugumferð yfir Norður-Atlantshaf sem stendur á gömlum og traustum grunni hjá félaginu.

Afkoma ársins 2013 er með ágætum. Heildartekjur samstæðunnar námu 19,8 milljörðum króna. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði



er um 4,4 milljarðar eða um 22,3% af tekjum og hagnaður eftir skatta er um 3,2 milljarðar króna. Sjóðsmyndun í rekstrinum nægir til þess að greiða niður langtímaskuldir félagsins ásamt því að standa undir þeim framkvæmdum sem félagið taldi nauðsynlegt að ráðast í á liðnu ári en um 2,7 milljarða króna voru í sjóði félagsins um síðustu áramót. Félagið stendur því vel og fjárfestinga-geta er umtalsverð. Þó er það svo að verkefni sem áformað er að ráðast í eru svo umfangsmikil að þörf verður á umtalsverðri lántöku. Heimildir hafa þegar verið veittar í stjórn Isavia til allt að 5 milljarða króna lántöku vegna afkastaaukandi verkefna á Keflavíkurflugvelli og er það í fyrsta sinn frá árinu 2007 sem þess gerist þörf. Undirbúningur að lántökunni er hafinn og virðast fjármálafyrirtæki bæði héraðs og erlendis vera áhugasöm um þátttöku í verkefninu.

Isavia er öflugur þátttakandi í þeirri miklu sókn sem nú stendur í ferðaþjónustu landsins og leggur þungt lóð á vogarskálarnar svo taka megi á móti sístækkandi hópi erlendra ferðamanna. Framundan er tími mikillar uppbyggingar og fjárfestinga á Keflavíkurflugvelli og mun Isavia ganga ötullega til þeirra verka með hagkvæmni og öryggi að leiðarljósi.

Ég vil þakka stjórn félagsins, Birni Óla Haukssyni forstjóra og öllu öðru starfsfólki fyrir vel unnin störf og samvinnu á liðnu starfsári.

Fyrir hönd stjórnar Isavia,
Þórólfur Árnason formaður



Stjórn og forstjóri Isavia, frá vinstri: Ragnar Óskarsson, Jón Norðfjörð, Arnbjörg Sveinsdóttir, Björn Óli Hauksson, Ólöf Kristín Sveinsdóttir og Þórólfur Árnason.



Bremsumælingar á Reykjavíkurlugvelli

STARFSSVIÐ

Hjá Isavia eru fjögur kjarnasvið sem halda utan um kjarnastarfsemi félagsins: Flugleiðsögusvið, Flugvalla- og mannvirkjasvið, Keflavíkflugvöllur og Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Stoðsvið Isavia eru einnig fjögur talsins: Þróun og stjórnun, Mannauður og árangur, Fjármálasvið og Staðla- og gæðadeild. Framkvæmdastjórnar kjarnasviða og stoðsviða Isavia mynda framkvæmdastjórn ásamt Birni Óla Haukssyni forstjóra.

Flugleiðsögusvið veitir flugleiðsöguþjónustu í innanlandsflugi og alþjóðaflugi á stóru svæði yfir norðanverðu Norður-Atlantshafi. Íslenska flugstjórnarsvæðið er með þeim stærstu í heimi og þekur alls um 5,4 milljónir ferkílómetra.

Flugvalla- og mannvirkjasvið annast rekstur og viðhald allra flugvalla og landingarstaða ríkisins utan Keflavíkflugvallar, þ.m.t. flugbrautir og önnur mannvirki, ljósa- og vélbúnað ásamt flugvernd.

Mannvirkjaþjónustan veitir rekstrarsviðum fyrirtækisins sérhæfða stoðþjónustu vegna viðhalds og mannvirkjagerðar.

Starfsemi **Keflavíkflugvallar** felur í sér daglegan rekstur, eftirlit og viðhald athafnasvæða loftfara og annarra flugvallarmannvirkja, rekstur slökkvi- og björgunarþjónustu, vélaverkstæðis, sjónræns leiðsögubúnaðar og þotugildra á flugbrautum ásamt fælingu fugla og annarra dýra, hlaðstjórn, stæðisúthlutun og flugvallarhreinun.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur með höndum rekstur, viðhald og uppbyggingu flugstöðvarinnar, verslunarrekstur með tollfrjálsar vörur á flugvallarsvæðinu, flugvernd, stuðning við þjónustuaðila í flugstöðinni, starfsemi í tengslum við flugrekstur og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að reka innan haftasvæðis flugverndar.

Þróun og stjórnun er stoðdeild við stjórn félagsins, forstjóra og rekstrarsvið. Verkefni taka til stefnumótunar og samhæfingar starfsemi rekstrarsviða á borð við markaðs- og upplýsingamál, viðskiptaþróun, lögfræðimál og stjórnarhætti, samskipti við stjórnvöld, skipulagsmál, þjóðréttarlegar skyldur, samræmingu flugverndar og flugvalla auk umsýslu vegna stjórna dótturfélaga.

Mannauður og árangur annast mannaúðsmál, starfsþróun, þjálfun, fræðslu, vinnuvernd og hefur með höndum launavinnslu, kjarasamninga, innri samskiptamál, stefnuinleiðingu og árangursmælingar.

Fjármálasvið starfar þvert á allar rekstrareiningar sem hagdeild og veitir fjölbreytta stoðþjónustu á sviði skrifstofuhalds, reikningshalds, fjárstýringar og fjármögnunar auk innkaupa- og kerfisþjónustu.



Staðla- og gæðadeild starfar í tengslum við þróun og stjórnun og annast heildarskipulagningu og samhæfingu öryggis- og gæðamála fyrirtækisins auk umhverfismála.



Framkvæmdastjórn Isavia. Frá vinstri: Elín Árnadóttir, Hlynur Sigurðsson, Þröstur Söring, Sveinbjörn Indriðason, Helga R. Eyjólfsdóttir, Haukur Hauksson, Björn Óli Hauksson forstjóri, Sigurður Ólafsson og Ásgeir Pálsson.


Árið 2013 í hnotskurn

FJÖLDI FARÞEGA UM FLUGVELLI ISAVIA




465
STARFSMENN
SÓTTU
25.600 KLST
ÞJÁLFUN
2013

FLUGHREYFINGAR INNANLANDS
115.475




*Flughreyfingar eru alla komur, brottfarir og snertilendingar.

VÖRU- OG PÓSTFLUTNINGAR



FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR ER 56.000 m² AÐ STÆRÐ SEM SAMSVARAR 8 FÓTBOLTAVÖLLUM







**METUMFERÐ
FLUGVELA
UM ÍSLENSKA
FLUGSTJÖRNAR-
SVÆÐIÐ**
116.326




**HELSTU BROTTFARAR
OG AFANGASTAÐIR
FLUGVELA Á ÍSLENSKA
FLUGSTJÖRNARSVÆÐINU**



**STARFSMENN:
HEILDARFJÖLDI**
870 MANN



**HELSTU
FLUGFÉLÖG Á
ÍSLENSKA
FLUGSTJÖRNARSVÆÐINU**



**1,6 MILLJÓN
FÖRU Í
GEGNUM
VOPNALEIT
2013**



**ÁÆTLUNAR-
FLUGVELLIR
ISAVIA**


**3.000.000 m²
BUNDIÐ
SLITLAG**



**430 KM AF
TVEGGJA
AKREINA VEGUM**



Á ÁÆTLUNARFLUGVÖLLUM ISAVIA ERU UM **6.800 LJÓSAÞERUR**



x10


LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

ÚR REKSTARREIKNINGI	2013	2012	2011	2010
Tekjur	19.810	18.397	16.511	14.136
Ebitda	4.470	3.823	3.653	3.045
Ebit	2.818	2.396	2.302	1.723
Fjármunatekjur/gjöld	1.200	-1.465	-1.542	843
Hagnaður fyrir skatta	4.018	932	760	2.567
Rekstrarhagnaður	3.217	738	604	2.125
ÚR EFNAHAGSREIKNINGI				
Varanlegir rekstrarfjármunir	23.179	21.784	21.615	22.017
Eignir	34.511	33.390	32.520	32.069
Eigið fé	14.864	11.647	10.917	10.302
Vaxtaberandi skuldir	14.609	17.397	17.728	18.348
Veltufjárhlutfall	1,24	1,26	1,21	1,01
ÚR SJÓÐSSTREYMI				
Rekstrarhreyfingar	4.032	3.535	3.545	1.590
Fjárfestingahreyfingar	-2.966	-1.730	-725	-715
Fjármögnunarhreyfingar	-1.324	-1.362	-1.721	-1.247
Handbært fé í lok tímabils	2.730	3.026	2.609	1.506
KENNITÖLUR				
Framlegðarhlutfall rekstrar	23%	21%	22%	22%
Hagnaðarhlutfall	16%	4%	4%	15%
Veltuhraði eigna	0,58	0,56	0,51	0,43
Arðsemi eiginfjár	24%	7%	6%	23%
Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár	0,58	0,13	0,11	0,38
Eiginfjárhlutfall	43%	35%	34%	32%
Meðafjöldi starfa	848	790	729	707


Fjárhæðir í milljónum króna




Tekjur samstæðunnar




// Tekjur af flugvallabjónustu // Fasteignatekjur
 // Vörusala // Tekjur vegna alþjóðaflugbjónustu // Aðrar tekjur




Tekjur af flugvallabjónustu




// Þjónustusamningur við IRR // Lendingargjöld
 // Flugverndargjöld // Farþegagjöld // Önnur gjöld



Rekstrarkostnaður



// Kostnaðarverð seldra vara // Laun og annar starfsmannakostnaður
 // Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður // Annar rekstrarkostnaður // Afskriftir



Svipmyndir frá árinu 2013



Isavia og Frhöfnin voru með bás á MidAtlantic ferðabjónustu-sýningunni og kynntu þar starfsemina fyrir ferðaskipuleggjendum frá Evrópu og Norður-Ameríku.



Isavia tók þátt í framadögum háskólanna í fyrsta sinn á árinu ásamt dótturfyrirtækinu Tern. Þar náðum við að ræða við fjölda háskólanna og kynna þeim starfsemina.



Fjórar flugslysæfingar voru haldnar á árinu, á Akureyri, Þórshöfn, Húsavík og Ísafirði. Isavia heldur reglulegar æfingar á flugvöllum landsins og eru þær jafnan umfangsmestu hópslysæfingar á Íslandi.



Flugstjórnarmiðstöðin fékk á árinu ISO 9001 gæðavottun. Vottunin er trygging fyrir viðskiptavini á gæðum og samræmdri þjónustu.



Almenningi var boðið í afmæli á Egilsstaðaflugvelli. Fjöldi fólks skygndist bakvið tjöldin á flugvöllum og kynnti sér starfsemina.



Isavia fékk lúðurinn fyrir markpóst ársins á markaðsverðlaunum ÍMARK. Um er að ræða sýni af ösku úr Eyjafjallajökli í frumlegum umbúðum.



Farþegum fjölgaði umtalsvert á árinu og einnig bættust við flugfélög og áfangastaði. Sú hefð hefur skapast að baka köku til þess að fagna nýrri flugleið. Við bökuðum því mikið á árinu!



Tvær nýjar farþegarútur voru keyptar til Keflavíkurflugvallar. Rúturnar munu nýtast til þess að flytja farþega frá svokölluðum fjarstæðum, sem eru ekki upp við flugstöðina.



Veturinn var óvenju snjóþungur og mikil vinna og tími fór í snjómokstur á flugvöllum landsins.



Fjöldi björgunarveita um allt land fengu afhentan búnað sem keyptur var fyrir styrki úr styrktarsjóði Ísavia. Slysavarnarfélagið Landsbjörg veitti Ísavia Áttavitann fyrir stuðninginn.



Árlegur flugvallafundur Norðurlandanna var haldinn á Akureyri á árinu.

REKSTUR OG AFKOMA

Heildartekjur Isavia-samstæðunnar jukust úr 18.397 milljónum króna árið 2012 í 19.810 milljónir króna árið 2013. Mesta tekjuaukningin varð í flugvallarekstri, eða um 13,8%, verslunartekjur jukust um 7,7% og tekjur vegna flugleiðsögupjónustu jukust um 5,3%. Þá hækkuðu tekjur vegna þjónustusamnings við Innanríkisráðuneytið um 4%.

Farþegafjöldi um Keflavíkflugvöll jókst um 15,6% eða 371.433 farþega. Þessi fjölgun skilaði sér í aukningu farþega-, verslunar-, og fasteignatekna. Heildarfjöldi ársins 2013 var 2.751.743 farþegar. Á öðrum flugvöllum sem félagið rekur varð fækkun brottfararfarþega í áætlunarflugi upp á 8,5%.

Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði árið 2013 nam 2.818 milljónum króna samanborið við 2.396 milljónir króna árið á undan. Vegna aukinna umsvifa hjá Isavia-samstæðunni jókst meðalfjöldi starfa um 7,3% og var hann í lok árs 2013 kominn í 848. Rekstrarkostnaður hækkaði almennt í takt við áætlanir félagsins.

Árið 2011 var lagt áfengis- og tóbaksgjald á vörur sem seldar eru í komuverslun Fríhafnarinnar. Árið 2013 skilaði Fríhöfnin um 364 milljónum króna í áfengis- og tóbaksgjald til ríkissjóðs og hefur því

skilað alls um 952 milljónum króna frá árinu 2011, til ríkissjóðs, í formi fyrrnefndra gjalda.


Heildarafkoma ársins 2013 nam 3.217 milljónum króna sem er um 2.479 milljónum króna betri afkoma en árið 2012. Að stærstum hluta má rekja þennan mun til gengishagnaðar vegna erlendra langtímalána, en breyting á tekjum af fjáreignum og fjárskuldum nam 2.528 milljónum króna milli árana 2012 og 2013.

Heildareignir Isavia-samstæðunnar námu 34.511 milljónum króna í lok árs 2013, og þar af nam fjárhæð varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna um 29.036 milljónum króna. Vaxtaberandi skuldir félagsins lækkuðu um 2.788 milljónir króna frá árinu 2012, og þar af eru 1.322 milljónir króna tilkomnar vegna afborgana. Eiginfjárlutfall félagsins nam 43,1% í árslok 2013, samanborið við 34,9% árið á undan. Til samanburðar var eiginfjárlutfall félagsins 24,6% við stofnun þess árið 2010.

Handbært fé frá rekstri nam um 4.032 milljónum króna sem er um 496 milljóna króna aukning frá árinu 2012. Þá jukust fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum um 1.445 milljónir króna og námu 2.787 milljónum króna árið 2013.

SKIPTING TEKNA:

	2013	2012	breyting 2013/2012
Flugleiðsögupjónusta	3.793	3.602	5,3%
Flugvallatekjur	6.453	5.671	13,8%
Verslunartekjur	7.568	7.026	7,7%
Þjónustusamningur IRR	1.486	1.426	4,2%
Aðrar tekjur	510	671	-24,0%
* Fjárhæðir í milljónum króna	19.810	18.396	



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

TIL STJÓRNAR OG HLUTHAFA ISAVIA OHF.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar, endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Isavia ohf. fyrir árið 2013. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildar afkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FORSTJÓRA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐENDA

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

ÁLIT

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2013, efnahag hennar 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 26. mars 2014

Deloitte ehf.


Anna Birgitta Geirfinnsdóttir
endurskoðandi


Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkflugvelli. Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu sem er 5,4 milljónir ferkílómetra að stærð og eitt það stærsta í heiminum. Eitt af hlutverkum Isavia ohf. er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir.

Samstæðuársreikningurinn fyrir árið 2013 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu félagsins námu rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2013 um 19.810 milljónum króna. Hagnaður ársins nam um 3.217 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir samstæðunnar um 34.511 milljónum króna, bókfært eigið fé í lok árs 2013 um 14.864 milljónum króna og er eiginfjár-

hlutfall félagsins 43,07%. Fjöldi ársverka var 848 á árinu 2013.

Í lok ársins var einn hluthafi í félaginu sem er Ríkissjóður eins og við stofnun félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta samkvæmt þeirra bestu vitund að samstæðuársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins, eignum, skuldum og breytingu á handbæru fé á árinu. Ennfremur er það álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að reikningsskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í samstæðuársreikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, áhættustýringu og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. hafa í dag yfirlitað og samþykkt samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. mars 2014

Í stjórn



Þórolfur Arnason
stjórnarformaður



Ambjörg Sveinsdóttir



Ragnar Óskarsson



Jón Nordfjörð



Ólöf Kristín Sveinsdóttir

Forstjóri



Björn Óli Hauksson

////////////////////////////////////

YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrartekjur	4	19.810.467	18.396.853
Kostnaðarverð seldra vara		(3.884.242)	(3.645.670)
Laun og annar starfsmannakostnaður	5	(8.259.347)	(7.842.738)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(515.727)	(489.968)
Annar rekstrarkostnaður		(2.681.532)	(2.595.677)
Afskriftir	8,9	(1.651.998)	(1.426.327)
Rekstrarhagnaður		<u>2.817.621</u>	<u>2.396.473</u>
Fjármunatekjur	6	245.863	221.482
Fjármagnsgjöld	6	(618.355)	(730.672)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	6	1.572.715	(955.030)
Hagnaður fyrir skatta		<u>4.017.844</u>	<u>932.253</u>
Tekjuskattur	7	(801.335)	(194.306)
Heildarafkoma ársins		<u><u>3.216.509</u></u>	<u><u>737.947</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2013

Eignir

	Skýr.	31.12.2013	31.12.2012
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	23.178.755	21.784.112
Óefnislegar eignir	9	5.857.212	5.885.777
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	11	345.993	402.972
		<u>29.381.960</u>	<u>28.072.861</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	12	451.431	521.164
Viðskiptakröfur	13	1.303.464	1.262.148
Ríkissjóður		0	42.624
Næsta árs hluti langtímakrafna	13	59.584	69.376
Aðrar skammtímakröfur	13	584.977	396.221
Handbært fé	13	2.730.031	3.025.735
		<u>5.129.487</u>	<u>5.317.268</u>
Eignir		<u>34.511.446</u>	<u>33.390.129</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé			
Hlutfé	14	5.589.063	5.589.063
Lögbundinn varasjóður		2.483.798	2.483.798
Sérstakur endurmatsreikningur		49.829	51.120
Óráðstafað eigið fé		6.741.016	3.523.216
Eigið fé		<u>14.863.706</u>	<u>11.647.198</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skuldir við lánastofnanir	15	14.609.162	17.394.991
Fjármögnunarleigusamningar	16	0	2.152
Tekjuskattsskuldbinding	18	900.350	114.139
		<u>15.509.512</u>	<u>17.511.281</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	19	1.389.854	1.271.036
Ríkissjóður		16.633	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	19	1.279.055	1.409.855
Ógreiddir reiknaðir skattar	7	15.124	36.400
Aðrar skammtímaskuldir	19	1.437.561	1.514.360
		<u>4.138.228</u>	<u>4.231.650</u>
Skuldir		<u>19.647.740</u>	<u>21.742.931</u>
Eigið fé og skuldir		<u>34.511.446</u>	<u>33.390.129</u>

YFIRLIT UM EIGIÐ FÉ 2013

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2012	5.589.063	2.483.798	52.466	2.783.924	7.435	10.916.686
	5.589.063	2.483.798	52.466	2.783.924	7.435	10.916.686
Endurmat afskrifað	0	0	(1.345)	1.345	0	0
Fjárfesting minnihluta	0	0	0	0	(7.435)	(7.435)
Heildarafkoma ársins	0	0	0	737.947	0	737.947
Eigið fé 31. desember 2012 ...	5.589.063	2.483.798	51.120	3.523.216	0	11.647.198
Eigið fé 1. janúar 2013	5.589.063	2.483.798	51.120	3.523.216	0	11.647.198
Endurmat afskrifað	0	0	(1.291)	1.291	0	0
Heildarafkoma ársins	0	0	0	3.216.509	0	3.216.509
Eigið fé 31. desember 2013 ...	5.589.063	2.483.798	49.829	6.741.016	0	14.863.706

Engin arðgreiðsla var á árinu til hluthafa. Allt hlutfé er innborgað.

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		2.817.621	2.396.473
Afskriftir	8,9	1.651.998	1.426.327
Gjaldfærð langtímakrafa	11	25.867	54.409
Söluhagnaður fastafjármuna		(3.791)	0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		4.491.696	3.877.208
Vörubirgðir lækkun, (hækkun)	12	69.919	(121.752)
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun)		(186.103)	(130.242)
Rekstartengdar skuldir hækkun		87.872	304.566
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		4.463.384	3.929.780
Innborgaðir vextir		262.551	370.890
Greiddir vextir		(657.710)	(749.816)
Greiddir skattar		(36.400)	(15.520)
Handbært fé frá rekstri		4.031.825	3.535.334
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	8	(2.787.056)	(1.341.848)
Keyptar óefnislegar eignir	9	(227.230)	(53.092)
Eignfærður þróunarkostnaður		0	(11.100)
Keypt skuldabréf		0	(322.378)
Afborganir skuldabréfa	11	48.695	18.883
Keypt fjárfestingaverðbréf		0	(20.000)
		(2.965.591)	(1.729.534)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda	15	(1.322.205)	(1.358.888)
Afborganir fjármögnunarleigusamninga	16	(2.260)	(2.849)
		(1.324.465)	(1.361.737)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(258.230)	444.063
Handbært fé í upphafi árs		3.025.735	2.608.985
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(37.474)	(27.313)
Handbært fé í lok árs		2.730.031	3.025.735

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Isavia ohf. var stofnað í ársbyrjun 2010 með samruna Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkflugvelli.

Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu sem er 5,4 milljónir ferkílómetra að stærð og eitt það stærsta í heiminum. Eitt af hlutverkum Isavia ohf. er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir.

Samstæðuársreikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Fríhöfnin ehf. og Tern Systems ehf.

2. Reikningsskilaaðferðir

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðan hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla (International Financial Reporting Standards, IFRS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2013, breytingar á þeim og nýjar túlkningar. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Samstæðan hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn sé gerður á grundvelli kostnaðarverðs nema að ákveðnir fastafjármunir eru metnir eftir endurmatsaðferðinni. Fjallað er um mat á gangvirði fjáreigna og fjárskulda í skýringu hér að neðan. Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstramiðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Áhættustjórnun

Stjórn félagsins hefur sett stefnu um áhættustýringu og hefur félagið gert vaxta- og gjaldmiðlasamninga í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

SKÝRINGAR

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Verksamningar

Þegar unnt er að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur og gjöld færð miðað við hlutfall áfallins kostnaðar samkvæmt ákvæðum samningsins á reikningsskiladegi. Breytingar á verkþáttum samkvæmt verksamningi, kröfur um bætur og bónusgreiðslur eru færðar að því marki sem unnt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti og líklegt er að til þeirra komi.

Þegar ekki er unnt að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur færðar í hlutfalli við áfallinn kostnað sem líklegt er að verði endurheimtur. Kostnaður vegna verksamnings er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Þegar líkur eru á tapi af verksamningi er vænt tap fært strax til gjalda.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.

Allur annar fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismuni efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Við samruna Flugfjarskipta ehf. og Isavia ehf. voru fasteignir fyrrnefnda félagsins endurmetnar þar sem markaðsverð fasteigna þess félags var talið verulega hærra en bókfært verð. Hið endurmetna verð byggir á áætluðu söliverði sem staðfest var af matsmönnum. Matsbreytingin er færð á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár og á tekjuskattsskuldbindingu.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er hugbúnaður. Eignir þessar eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar. Áætlaður nýtingartími og afskriftaaðferðir eru endurmetnar í lok hvers reikningsskilatímabils.

Rannsóknarkostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Þróunarkostnaður er aðeins eignfærður ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Félagið hefur tæknilega getu til að ljúka þróun afurðar í söluhæft ástand
- Áætlanir ganga út á að ljúka við þróunina
- Félagið sýni fram á möguleika sína til að selja afurðina
- Félagið sýnir fram á hvernig afurðin kemur til með að skila framtíðartekjum
- Félagið hefur nægjanlega tækni og fjármagn til að ljúka við þróun og sölu
- Hægt er að mæla útgjöld vegna þróunar með áreiðanlegum hætti

Aðeins er heimilt að hefja eignfærslu þróunarkostnaðar þegar öll ofangreind skilyrði eru uppfyllt. Þróunarkostnaður sem ekki uppfyllir skilyrðin er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu er þróunarkostnaður metin á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupdegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Virðisrýrnun

A hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er (sé um slíkt að ræða).

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþröskotu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluverði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádrögnum áætluðum sölukostnaði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söluþegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútsreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Fjáreignir

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (Fair value through profit and loss), fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga (Held to maturity investments), fjáreignir til sölu (Available for sale) og lán og kröfur. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar.

Virkir vextir

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga þegar félagið á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádröginni virðisrýrnun þegar við á.

Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádröginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánunum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

Virðisrýrnun fjáreigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikning, þó aldrei umfram áður færða lækkun.

Afskráning fjáreigna

Félagið afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

SKÝRINGAR

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar annars vegar sem fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hinsvegar sem aðrar fjárskuldir.

Fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjárskuldir eru færðar á gangvirði í rekstrarreikning þegar þær eru flokkaðar sem fjárskuld til sölu eða sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárskuld, önnur en fjárskuld til sölu, má skilgreina sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjárskuldin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við stefnu félagsins í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Afskráning fjárskulda

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda. Reikningshaldslegt mat er helst í mati á líftíma eigna og í niðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða, sjá skýringar nr. 8, 9, 12 og 13.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	2013	2012
Tekjur vegna sölu á vörum	7.568.359	7.039.031
Tekjur vegna sölu á þjónustu.....	10.619.393	9.856.979
Eignatekjur.....	1.622.715	1.500.843
	<u>19.810.467</u>	<u>18.396.853</u>

5. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2013	2012
Laun	6.414.282	5.868.979
Lífeyrissjóður	785.515	706.679
Tryggingagjald	549.674	507.743
Önnur launatengd gjöld	77.106	113.123
Orlofs- og lífeyrisskuldbinding	139.151	396.397
Eignfærður launakostnaður	(10.254)	(13.466)
Annar starfsmannakostnaður	303.873	263.284
	<u>8.259.347</u>	<u>7.842.738</u>
Meðalfjöldi starfa	848	790

SKÝRINGAR

5. Laun og annar starfsmannakostnaður (framhald)

Í skýringu nr. 17 er gert grein fyrir viðbótarframlagi vegna lífeyrisskuldbindinga. Heildarlaun og þóknanir til stjórnara og stjórnenda samstæðunnar á árinu 2013 námu 70 milljónum króna en árið á undan námu þessi laun 68,1 milljónum króna. Laun forstjóra Ísavia og framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. og Tern Systems ehf. eru ákveðin af kjararáði.

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur:

	2013	2012
Vaxtatekjur af bankareikningum	115.002	89.931
Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga	29.851	16.186
Aðrar vaxtatekjur	101.010	115.365
	<u>245.863</u>	<u>221.482</u>

Fjármagnsgjöld:

	2013	2012
Vaxtagjöld og verðbætur	(557.987)	(681.058)
Þóknanir innheimtufyrirtækja	(58.423)	(48.076)
Dráttarvaxtagjöld	(1.944)	(1.538)
	<u>(618.355)</u>	<u>(730.672)</u>

Önnur gjöld af fjáreignum og fjárskuldum:

	2013	2012
Gengismunur	1.572.715	(955.030)
	<u>1.572.715</u>	<u>(955.030)</u>

7. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 801,3 milljónum króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2014 nemur 15,1 milljónum króna.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2013		2012	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	4.017.844		932.253	
Skatthlutfall	(803.569)	20,0%	(186.451)	20,0%
Aðrir liðir	2.234	0,1%	(7.855)	-0,8%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>(801.335)</u>	-19,9%	<u>(194.306)</u>	-20,8%

SKÝRINGAR

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og listaverk	Flughlöd og bílastæði	Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða í ársbyrjun	19.717.560	2.485.252	2.357.439	5.307.202	29.867.453
Endurflokkað	0	0	(36.388)	0	(36.388)
Eignfært á árinu	1.134.486	490.919	313.840	863.325	2.802.570
Selt og aflagt á árinu	0	0	0	(115.637)	(115.637)
Staða í lok ársins	20.852.046	2.976.171	2.634.891	6.054.890	32.517.998
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	3.757.662	820.761	1.249.257	2.255.661	8.083.341
Endurflokkað	0	0	(23.143)	0	(23.143)
Afskriftir ársins	608.570	106.550	268.441	399.398	1.382.959
Selt og aflagt á árinu	0	0	0	(103.912)	(103.912)
Staða í lok ársins	4.366.232	927.311	1.494.555	2.551.147	9.339.245
Bókfært verð					
Bókfært verð í byrjun ársins	15.959.898	1.664.491	1.108.181	3.051.541	21.784.112
Bókfært verð í lok ársins	16.485.814	2.048.860	1.140.336	3.503.744	23.178.755

Áætlaður nýtingartími varanlegra rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

Fasteignir og listaverk	7-50 ár			
Flughlöd og bílastæði		5-50 ár		
Stjórnkerfi og aðflugsbúnaður			3-20 ár	
Aðrar eignir				3-15 ár

Upplýsingar um endurmetnar fasteignir í lok ársins:

	31.12.2013	31.12.2012
Endurmetið bókfært verð	124.697	127.693
Par af áhrif sérstaks endurmats	(61.344)	(62.959)
Bókfært verð án áhrifa endurmats	63.353	64.735

Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og löðir	17.860.394	38.935.656
Vélar og tæki, eignatryggingar		9.979.104
Aðrar lausafjártryggingar		566.442
Rekstrarstöðvunartrygging		4.763.915

Varanlegir rekstrarfjármunir samstæðunnar eru óveðsettir en til staðar eru þinglýstar kvaðir þess efnis að félagið skuldbindur sig til að selja hvorki né veðsetja ákveðnar eignir. Í árslok 2013 nemur bókfært verð eigna 17,3 milljörðum króna og eftirstöðvar lána 13,3 milljörðum króna sem falla undir þessar kvaðir. Í árslok 2012 nam bókfært verð eigna 16,8 milljörðum króna og eftirstöðvar lána um 15,8 milljörðum króna sem falla undir áðurnefndar kvaðir.

SKÝRINGAR

9. Óefnislegar eignir og afskriftir

	Afnotasamn. um mannvirki	Afnotasamn. um flugbrautir	Hugbúnaður og þróunarkostnaður	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	477.035	5.706.000	685.838	6.868.873
Endurflokkað	0	0	36.388	36.388
Eignfært á árinu	0	0	227.230	227.230
Staða í árslok	477.035	5.706.000	949.456	7.132.491
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	63.605	760.800	158.691	983.096
Endurflokkað	0	0	23.143	23.143
Afskrift ársins	15.901	190.200	62.938	269.039
Staða í árslok	79.506	951.000	244.772	1.275.278
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	413.430	4.945.200	527.147	5.885.777
Bókfært verð í árslok	397.529	4.755.000	704.684	5.857.212

Þróunarkostnaður að fjárhæð um 11 milljónir króna vegna vinnu við þróun hugbúnaðar sem ætlaður er til sölu á heimsmarkaði á næstu árum var eignfærður á árinu 2012. Engin viðbót við þróunarkostnað var færð á árinu 2013. Áætlað er að þróun hugbúnaðarins ljúki á árinu 2014 og hann komist þá í söluhæft ástand. Stjórnendur hafa metið að þessi eign hafi ekki orðið fyrir virðisrýrnun. Annar hugbúnaður er aðkeyptur og er áætlaður líftími hans 1-20 ár.

Samkvæmt samningi milli Keflavíkurlugvallar ohf., nú Isavia ohf. og Varnamálastofnunar, nú Landhelgisgæslu Íslands sem undirritaður var 22. apríl 2009 tók félagið yfir afnot til næstu 30 ára frá ársbyrjun 2009 að telja, á tilgreindum flugvallarmannvirkjum og búnaði á mannvirkjaskrá NATO á Keflavíkurlugvelli. Ekki er innheimt sérstakt endurgjald fyrir afnot mannvirkjanna en félagið skal standa straum af öllum kostnaði við daglegan rekstur og viðhald þeirra, þannig að tryggt sé að ástand þeirra sé í samræmi við samþykkt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Landhelgisgæslan f.h. NATO hefur rétt til afnota á mannvirkjunum. Afnotarétturinn er gjaldfærður hlutfallslega yfir leigutímann.

10. Samstæða

Samstæða Isavia ohf. samanstendur af eftirfarandi dótturfélögum:

	Hlutdeild	Nafnverð	Meginstarfsemi
Eignarhlutar í dótturfélögum:			
Fríhöfnin ehf., Keflavíkurlugvelli	100,00%	50.000	Verslunarstarfssemi
Tern Systems ehf., Kópavogi	100,00%	50.000	Hugbúnaðargerð og ráðgjöf

11. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

Skuldabréfaeign

	31.12.2013	31.12.2012
Staða í byrjun ársins	430.937	141.479
Innborganir á árinu	(48.695)	(18.883)
Nýtt skuldabréf	0	300.000
Verðbreytingar	7.791	8.341
Staða í lok ársins	390.033	430.937
Næsta árs afborgan	(48.549)	(48.460)
	341.484	382.476

SKÝRINGAR

11. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur (framhald)

Langtímakröfur

	31.12.2013	31.12.2012
Staða í byrjun ársins	41.411	73.442
Keypt á árinu	0	22.378
Gjaldfærsla ársins	(25.867)	(54.409)
Staða í lok ársins	15.544	41.411
Næsta árs gjaldfærsla	(11.035)	(20.916)
	4.509	20.495

Skuldabréfaeign og langtímakröfur í lok ársins	345.993	402.972
--	---------	---------

Langtímakröfur samanstanda af langtímakostnaði við slitlagsyfirlögn flugbrauta og sérverkefnum fyrir Alþjóðaflugþjónustuna og eru gjaldfærðar á áætluðum nýtingartíma.

12. Vörubirgðir

	31.12.2013	31.12.2012
Vörur til endursölu	453.064	510.538
Vörur í flutningi	15.298	29.081
Varúðarniðurfærsla	(16.932)	(18.455)
	451.431	521.164

Breytingar á niðurfærslu birgða greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	(18.455)	(12.856)
Niðurfærsla vegna rýrnunar birgða.....	(16.115)	(21.664)
Rýrnun birgða á árinu.....	17.638	16.066
Staða í árslok	(16.932)	(18.455)

Tryggingaverðmæti birgða	470.514	563.116
--------------------------------	---------	---------

Engar birgðir eru veðsettar hjá samstæðunni í lok ársins.

Félagið áætlar að selja allar sínar birgðir á næstu 12 mánuðum.

13. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2013	31.12.2012
Innlendar viðskiptakröfur	1.064.167	1.032.553
Erlendar viðskiptakröfur	297.621	260.972
Óreikningsfærðar tekjur	0	9.205
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(58.324)	(40.582)
	1.303.464	1.262.148

SKÝRINGAR

13. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Virðisrýrnun viðskiptakrafna

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningsskiladegi voru eftirfarandi

	31.12.2013		31.12.2012	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	891.373	8.120	846.857	10.709
1-90 daga	412.967	16.105	397.382	9.786
91-180 daga	13.572	4.263	26.074	4.244
181-210 daga	4.219	104	13.975	1.825
211 daga og eldri	39.657	29.732	18.442	14.018
	<u>1.361.788</u>	<u>58.324</u>	<u>1.302.730</u>	<u>40.582</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2013	31.12.2012
Staða í byrjun ársins	(40.582)	(18.407)
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(18.557)	(25.019)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	815	2.843
Staða í lok ársins	<u>(58.324)</u>	<u>(40.582)</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2013	31.12.2012
Virðisaukaskattur	189.799	134.187
Fyrirframgreiddur kostnaður	102.486	76.014
Fjármagnstekjuskattur	22.895	23.992
Óinnheimtir vextir	2.217	11.037
Fyrirframgreidd laun	44.776	47.603
Aðrar kröfur	222.804	103.388
	<u>584.977</u>	<u>396.221</u>

Næsta árs hluti langtímakrafna

	31.12.2013	31.12.2012
Skuldabréfaeign	48.549	48.460
Aðrar langtímakröfur	11.035	20.916
	<u>59.584</u>	<u>69.376</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2013	31.12.2012
Bankainnstæður í íslenskum krónum	1.954.387	2.205.430
Bankainnstæður í erlendri mynt	772.113	817.142
Sjóður í íslenskum krónum	3.531	3.162
	<u>2.730.031</u>	<u>3.025.735</u>

14. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í lok ársins	5.589.063	100,0%	5.589.063
	<u>5.589.063</u>	<u>100,0%</u>	<u>5.589.063</u>

Eitt atkvæði fylgir hlut ríkisins. Fjármálaráðherra fer með hlut íslenska ríkisins í félaginu. Allt hlutfé er að fullu greitt.

SKÝRINGAR

15. Langtímaskuldir

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2013	31.12.2012
Skuldir í CHF	3.502.047	4.058.339
Skuldir í EUR	4.319.572	5.170.182
Skuldir í GBP	1.029.686	1.780.441
Skuldir í JPY	891.396	1.295.148
Skuldir í SEK	337.261	790.437
Skuldir í USD	3.793.216	3.638.736
Skuldir í ISK	2.013.159	2.069.412
	<u>15.886.337</u>	<u>18.802.694</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	<u>(1.277.175)</u>	<u>(1.407.703)</u>
Langtímaskuldir í árslok	<u>14.609.162</u>	<u>17.394.991</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2013	31.12.2012
Afborganir 2014	1.277.175	1.407.703
Afborganir 2015	1.256.216	1.396.099
Afborganir 2016	1.242.148	1.371.950
Afborganir 2017	1.099.965	1.355.474
Afborganir 2018	958.072	1.202.623
Afborganir síðar	10.052.763	12.068.845
	<u>15.886.337</u>	<u>18.802.694</u>

16. Fjármögnunarleigusamningar

	Ógjaldfallnar leigugreiðslur		Núvirtar eftirstöðvar	
	31.12.2013	31.12.2012	31.12.2013	31.12.2012
Greiðslur á næsta reikningsári	1.905	2.237	1.880	2.152
Greiðslur á öðru reikningsári og síðar	0	2.180	0	2.152
	<u>1.905</u>	<u>4.416</u>	<u>1.880</u>	<u>4.303</u>
Framtíðar vaxtagjöld	(24)	(113)		
Núvirtar eftirstöðvar	<u>1.880</u>	<u>4.303</u>		
Næsta árs afborganir	<u>(1.880)</u>	<u>(2.152)</u>		
Staða í lok ársins	<u>0</u>	<u>2.152</u>		

17. Lífeyrisskuldbinding

Isavia ohf. greiðir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins viðbótariðgjald umfram hefðbundin iðgjöld vegna árlegrar hækkunar á áfallinni lífeyrisskuldbindingu. Ekki er um að ræða að félagið beri ábyrgð á heildarlífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna félagsins sem eru í B-hluta Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins heldur einungis á þeim viðbótargreiðslum sem þurfa að koma til við hækkun ársins á áfallinni lífeyrisskuldbindingu viðkomandi starfsmanna. Á árinu 2013 voru gjaldfærðar 164,6 milljónir króna og þar af var um 10,6 milljóna króna lækkun á uppgjöri vegna ársins 2012. Á árinu 2012 voru gjaldfærðar 366,8 milljónir króna og þar af var 166,4 milljóna króna uppgjör sem Flugstöðir ohf. gerðu við félagsmenn í FÍF vegna árána 2007 – 2011.

SKÝRINGAR

18. Tekjuskattsskuldbinding

	Reiknuð skattineign	Tekjuskatts- skuldbinding
Staða 1.1.2012	82.287	(38.519)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2012	0	(34.830)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2013	(159.476)	36.400
Staða í lok árs 2012	0	(114.139)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2013	0	(801.335)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2014	0	15.124
Staða í lok árs 2013	0	(900.350)
Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:	Skuldbinding	Skuldbinding
	31.12.2013	31.12.2012
Varanlegir rekstrarfjármunir	(892.185)	(1.012.532)
Veltufjáreignir	64.147	73.730
Aðrir liðir	(152.303)	187.007
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	79.991	637.656
	(900.350)	(114.139)

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

Nýtanlegt á árunum 2014 til 2016	18.198
Nýtanlegt til ársins 2017	167.010
Nýtanlegt til ársins 2018	107.966
Nýtanlegt til ársins 2019	23.596
Nýtanlegt til ársins 2020	411.066
	<u>727.836</u>

19. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2013	31.12.2012
Innlendar viðskiptaskuldir	916.837	702.865
Viðskiptaskuld vegna Joint Finance samningsins	226.299	355.786
Erlendar viðskiptaskuldir	246.718	212.385
	<u>1.389.854</u>	<u>1.271.036</u>

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2013	31.12.2012
Skuldir við lánastofnanir	1.277.175	1.407.703
Fjármögnunarleigusamningar	1.880	2.152
	<u>1.279.055</u>	<u>1.409.855</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2013	31.12.2012
Virðisaukaskattur	14.883	20.964
Fyrirframinnheimtar tekjur	11.437	30.440
Ógreidd lífeyrisskuldbinding	172.524	191.781
Ógreidd laun og launatengd gjöld	298.579	321.008
Ógreidd orlofsskuldbinding	686.293	634.452
Ógreiddir áfallnir vextir	126.365	146.791
Aðrar skuldir	127.481	168.925
	<u>1.437.561</u>	<u>1.514.360</u>

SKÝRINGAR

20. Fjármálagerningar

Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	31.12.2013	31.12.2012
Handbært fé	2.730.031	3.025.735
Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga	390.033	430.687
Lán og kröfur	1.903.985	1.700.030
Fjárskuldir	31.12.2013	31.12.2012
Aðrar fjárskuldir	18.747.390	21.628.793

Lán og kröfur og aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að fráreginni virðisrymun.

Áhættustýring

Innan samstæðunnar er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstrartengdu áhættu sem samstæðan býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gjaldmiðlaáhætta, útlánaáhætta og lausafjáraáhætta.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta á hreinar vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2013		31.12.2012	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé	(45.661)	(91.321)	(55.936)	(111.872)

SKÝRINGAR

20. Fjármálagerningar (framhald)

Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Meirihluti eigna samstæðunnar er í íslenskum krónum en þó á samstæðan nokkuð af erlendum fjáreignum. Meirihluti langtímaskulda samstæðunnar er í erlendum gjaldmiðlum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar samstæðunnar sem mest áhrif hafa á rekstur samstæðunnar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til miðgengis.

Mynt	Árslokagengi		Meðalgengi	
	2013	2012	2013	2012
EUR	158,50	169,80	162,38	160,73
GBP	190,21	208,15	191,22	198,16
JPY	1,096	1,495	1,256	1,570
DKK	21,25	22,76	21,77	21,59
NOK	18,92	23,04	20,83	21,50
SEK	17,95	19,76	18,78	18,47
USD	115,03	128,74	122,23	125,05
CHF	129,19	140,64	131,91	133,35
CAD	108,07	129,36	118,72	125,09

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2013

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	401.906	4.459.312	(4.057.406)
GBP	217.790	1.036.746	(818.956)
JPY	21.246	891.866	(870.621)
CHF	81.906	3.508.288	(3.426.382)
DKK	25.352	11.676	13.676
NOK	4.461	17.381	(12.920)
SEK	24.914	337.531	(312.616)
USD	293.186	3.858.977	(3.565.791)
CAD	526	0	526

Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2012

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR	315.461	5.312.786	(4.997.325)
GBP	91.003	1.788.146	(1.697.142)
JPY	30.139	1.295.901	(1.265.762)
CHF	89.431	4.073.846	(3.984.416)
DKK	28.331	12.282	16.049
NOK	15.885	2.697	13.188
SEK	87.939	790.664	(702.725)
USD	433.283	3.672.149	(3.238.866)
CAD	2.501	54	2.447

20. Fjármálagæringar (framhald)

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til, en þær eru að verulegum hluta erlendar lántökur og erlendar bankainnistæður og viðskiptakröfur. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagæringa í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun krónunnar um 5% og 10% gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á afkomu og eigið fé

	31.12.2013		31.12.2012	
	5%	10%	5%	10%
EUR	(162.296)	(324.592)	(199.893)	(399.786)
GBP	(32.758)	(65.517)	(67.886)	(135.771)
JPY	(34.825)	(69.650)	(50.630)	(101.261)
CHF	(137.055)	(274.111)	(159.377)	(318.753)
DKK	547	1.094	642	1.284
NOK	(517)	(1.034)	528	1.055
SEK	(12.505)	(25.009)	(28.109)	(56.218)
USD	(142.632)	(285.263)	(129.555)	(259.109)
CAD	21	42	98	196

Útlánaáhætta

Í útlánaáhhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagæringum sínum. Samstæðan fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhhættu.

Hámarksútlánaáhhætta greinist þannig:

	31.12.2013	31.12.2012
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur	405.577	472.448
Viðskiptakröfur	1.309.899	1.263.151
Ríkissjóður	0	42.624
Aðrar kröfur	323.354	160.630
Handbært fé	2.730.031	3.025.735
	<u>4.768.860</u>	<u>4.964.587</u>

Hámarksútlánaáhhætta samstæðunnar er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

SKÝRINGAR

20. Fjármálagæringar (framhald)

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er áhættan á því að samstæðan lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náninni framtíð. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa.

	Til greiðslu innan eins árs	Til greiðslu eftir 1- 4 ár	Til greiðslu eftir 4 ár	Samtals
Skuldir 31.12.2013				
Óvaxtaberandi	3.283.557	0	0	3.283.557
Með fljótandi vöxtum	1.201.549	4.199.038	9.041.359	14.441.946
Með föstum vöxtum	77.507	357.362	1.011.403	1.446.272
	4.562.613	4.556.400	10.052.762	19.171.775
Eignir 31.12.2013				
Óvaxtaberandi	2.227.796	21.746	66.106	2.315.648
Með fljótandi vöxtum	2.779.980	142.338	120.000	3.042.319
	5.007.776	164.084	186.106	5.357.967
Hrein staða 31.12.2013	445.163	(4.392.316)	(9.866.656)	(13.813.808)
	Til greiðslu innan eins árs	Til greiðslu eftir 1- 4 ár	Til greiðslu eftir 4 ár	Samtals
Skuldir 31.12.2012				
Óvaxtaberandi	3.233.831	0	0	3.233.831
Með fljótandi vöxtum	1.339.155	5.002.339	10.999.553	17.341.046
Með föstum vöxtum	71.058	325.959	1.069.293	1.466.309
	4.644.044	5.328.298	12.068.845	22.041.187
Eignir 31.12.2012				
Óvaxtaberandi	2.048.753	37.183	69.145	2.155.081
Með fljótandi vöxtum	3.064.649	146.745	150.000	3.361.394
	5.113.403	183.927	219.145	5.516.475
Hrein staða 31.12.2012	469.359	(5.144.371)	(11.849.700)	(16.524.712)

21. Önnur mál

Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu

Á grundvelli þjónustusamnings við innanríkisráðuneytið veitir félagið flugleiðsöguþjónustu innan íslenska flugupplýsingasvæðisins og hluta flugupplýsingasvæðis Grænlands og Færeyja í samræmi við skuldbindingar íslenska ríkisins gagnvart alþjóðasamningum. Um skuldbindingu þessa er í gildi svonefndur Joint Financing samningur sem gerður var árið 1956 á milli þrettán aðildarríkja ICAO en nú eru ríkin tuttugu og fjögur talsins. Notendur þjónustunnar greiða fyrir hana að fullu.

Óuppperðar eftirstöðvar á fjárlagalið

Í ríkisreikningi 2011 voru færðar eftirstöðvar á höfuðstól fjárlagaliðar 06-672 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta að fjárhæð 1.176,1 milljónir króna. Um er að ræða tilteknar framkvæmdir við lengingu flugbrautar á Akureyrarflugvelli. Fjármálaráðuneytið hefur gert kröfu að innanríkisráðuneytið jafni þennan lið og talið að hluti tekna Isavia ohf. af þjónustusamningi vegna framkvæmda og reksturs eigi að ráðstafa til þess. Engin breyting vegna þessa var færð í ríkisreikningi 2012. Isavia ohf. hefur ekki borist formleg krafa vegna þessa og telur félagið sér þetta mál óviðkomandi.

22. Aðrar skuldbindingar

Rekstrarleyfi

Isavia hefur starfsleyfi vegna flugleiðsöguþjónustu samkvæmt reglugerð nr 631/2008 um starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu og starfsleyfi vegna flugvalla samkvæmt reglugerð 464/2007 um flugvelli. Starfsleyfin eru veitt til mismunandi langs tíma. Starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu og Keflavíkurflugvallar, Reykjavíkflugvallar, Akureyrarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar er til 2016. Skráðir lendingarstaðir eða aðrir flugvellir þar með talið áætlunarflugvellir eru með starfsleyfi til 2017.

Félaginu er skylt í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist og þau síðar kunna að undirgangast er varða flugvelli, flugvallarsvæði og flugstöðvar og starfsemi þá sem stjórnvöld fara með og yfirtaka.

Á ófriðartímum og í neyðartilvikum er félaginu skylt að veita hervöldum Bandaríkjanna aðgang og afnot af Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins skal sjá um að hafa milligöngu um öll bein og óbein samskipti félagsins við varnarliðið.

Þjónustusamningur vegna framkvæmda

Þjónustusamningur milli innanríkisráðuneytis og félagsins tekur meðal annars til viðhalds og stofnframkvæmda vegna flugvalla. Félagið starfar með samgönguráði og leggur fyrir það tillögur um viðhaldsverkefni og stofnframkvæmdir sem félagið telur nauðsynlegt að ráðist verði í hverju sinni. Þau verkefni sem falla undir þennan lið eru því samþykkt í samgönguáætlun. Greitt er til félagsins samkvæmt greiðsluáætlun þjónustusamningsins. Árið 2013 námu framkvæmdir og viðhaldsverkefni sem greiddar eru af þessum hluta þjónustusamningsins 355,1 milljón króna.

Þjónustusamningar vegna reksturs

Á grundvelli þjónustusamnings við innanríkisráðuneytið veitir félagið flugleiðsöguþjónustu í innanlandsloftþrymi og á alþjóðlegu flugsvæði og sér um rekstur, viðhald og uppbyggingu flugvalla, lendingarstaða og útgáfu AIP handbókar.

Félagið er skuldbundið til að hafa í gildi allar lögbundnar tryggingar þar með talda ábyrgðartryggingu flugleiðsöguþjónustu og flugvalla. Vátryggingarvernd þessara trygginga á reikningsskiladegi vegna flugvalla og flugleiðsöguþjónustu er USD 1.000.000.000 og vegna flugprófana USD 500.000.

Lögbundnar tryggingar félagsins eru undanskyldar bótaskyldu vegna hryðjuverka. Félagið hefur því keypt hryðjuverkatryggingu sem bætir tjón fyrir allt að USD 150.000.000 í flugleiðsöguþjónustu og á flugvöllum og allt að USD 15.000.000 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Félagið hefur keypt ábyrgðartryggingu stjórnar og stjórnenda sem bætir tjón fyrir allt að USD 250.000.000.

Skuldbinding vegna starfsmanna

Félagið er með allar tryggingar vegna starfsmanna í samræmi við gildandi kjarasamninga nema tryggingu vegna skírteina flugumferðastjóra. Samkvæmt kjarasamningum flugumferðastjóra skal félagið á sinn kostnað tryggja skírteini hvers flugumferðastjóra sem hefur VFR- og/eða IFR-starfsréttindi. Félagið hefur ekki keypt tryggingu og hvílir því skuldbinding á Isavia ohf. ef til kæmi skírteinamissir flugumferðastjóra í samræmi við kjarasamninga.

23. Tengdir aðilar

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila samstæðunnar eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða veruleg áhrif. Móðurfélag og félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð eða hefur veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar. Félagið er opinbert hlutafélag en opinberum aðilum eru veittar undanþágur að hluta til frá kröfum um upplýsingagjöf vegna tengdra aðila í nýrri útgáfu af IAS 24.

Upplýsingar um laun stjórnar og forstjóra koma fram í skýringu nr. 5. Sala á vöru og þjónustu til lykilstjórnenda og aðila tengdra þeim voru óveruleg.

24. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 26. mars 2014.

SKÝRINGAR

25. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:	2013	2012
Arðsemi		
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	4.469.620	3.822.800
a) Framlegðarhlutfall rekstrar	22,56%	20,78%
b) Hagnaðarhlutfall	16,24%	4,01%
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS)	0,58	0,13
d) Arðsemi eigin fjár	24,27%	6,54%
a) EBITDA/rekstrartekjur		b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur
c) Hagn. á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS)		d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár
Úr efnahagsreikningi:	31.12.2013	31.12.2012
Nýting fjármagns		
e) Fjárbinding í birgðum	0,02	0,03
f) Veltuhraði eigna	0,58	0,56
g) Veltuhraði birgða	7,99	7,92
h) Veltuhraði viðskiptakrafna	15,44	15,07
e) Birgðir/rekstrartekjur		g) KSV/meðalstaða birgða
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna		h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna
Greiðsluhæfi		
i) Lausafjárhlutfall	1,13	1,13
j) Veltufjárhlutfall	1,24	1,26
i) Veltufjármunir án birgða/skammtímaskuldir		j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir
Fjárhagslegur styrkur		
k) Eiginfjárhlutfall	43,07%	34,88%
l) Innra virði hlutafjár	2,66	2,08
k) Eigið fé/heildarfjármagn		l) Eigið fé/hlutafé
Úr sjóðstreymi ársins:	2013	2012
m) Skuldabekja handbærs fjár	0,21	0,16
n) Gæði afkomu	1,25	4,79
o) Gæði rekstrarhagnaðar	1,58	1,64
m) Handbært fé frá rekstri/skuldir		n) Handbært fé frá rekstri/hagnaður
		o) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður
Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum	2013	2012
Kostnaðarverð seldra vara/rekstrartekjur	19,61%	19,82%
Laun og tengd gjöld/rekstrartekjur	41,69%	42,63%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður/rekstrartekjur	2,60%	2,66%
Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur	13,54%	14,11%
Afskriftir/rekstrartekjur	8,34%	7,75%
Rekstrargjöld/rekstrartekjur	85,78%	86,97%

////////////////////////////////////

SKÝRINGAR

26. Sjóðstreymisyfirlit

Samstæða	<u>2013</u>	<u>2012</u>
Hagnaður ársins	3.216.509	737.947
Afskriftir	1.651.998	1.426.327
Reiknaðir fjármagnsliðir	(1.600.307)	1.070.126
Aðrar breytingar	858.881	255.198
Hreint veltufé frá rekstri	4.127.081	3.489.598
Breyting á:		
Rekstartengdum eignum	(122.282)	(311.559)
Rekstartengdum skuldum	27.027	357.294
Handbært fé frá rekstri	4.031.825	3.535.334





Gildi Isavia

Öryggi

Með öguðum vinnubrögðum, stöðugri þekkingaröflun og markvissu eftirliti lágmörkum við áhættu og stuðlum að öryggi almennings, viðskiptavina og starfsmanna.

Samvinna

Við vinnum saman að settu marki sem eitt lið til að ná árangri og veita góða þjónustu. Við berum virðingu fyrir störfum hvers annars og hvetjum til frumkvæðis varðandi umbætur.

Þjónusta

Við setjum okkur skýr þjónustuviðmið og tileinkum okkur jákvætt viðmót og virðingu gagnvart viðskiptavinum. Sýnum ráðdeild og leitum stöðugt leiða til að hámarka árangur.





Isavia | www.isavia.is | sími 424 4000 | isavia@isavia.is